

Hirðisbréf Norræna biskuparáðsins

„Þegar Jósef vaknaði, gjörði hann eins og engill Drottins hafði boðið honum og tók konu sína til sín“ (Mt 1,24a)

Þannig lauk frásögn guðspjallamannsins Matteusar um draum Jósefs þar sem Guð skýrir frá áformum sínum um Maríu og telur í hann kjark. Jósef, sem Guð talaði við í gegnum drauma, á sér sinn leynda og hulda stað í guðspjöllunum og gegnir mikilvægu hlutverki í hjálpræðissögunni vegna hógværrar trúmennsku sinnar. „Í Jósef sá Jesús ljúfa ást Guðs“ (*Patris Corde*, 2). Samkvæmt hefð kirkjunnar hefur Jósef orðið æ mikilvægari. Frans páfi lagði áherslu á hlutverk Jósefs í kristnu lífi okkar, ekki síst í helgisiðunum, með því að kveða á um að hann skyldi alltaf nefndur í efstübæninni. Þetta ár, sem hefur verið lýst *Ár heilags Jósefs*, gefur okkur tækifæri til að kynna Jósef betur og leita hjálpar hans til að geta fylgt Jesú enn betur.

1. Jósef er *maður trúar og grandvarleika* (sbr. Mt 1,19). Eins og Abraham, faðir okkar í trúnni, er hann sýndur sem grandvar maður. Hann vill ekki valda Maríu mey skömm eða skaða. Í honum verður hugsjón Biblíunnar að veruleika: Þessi maður er kallaður til að lifa í trú og réttlæti. Jósef hlustar á rödd Guðs og fylgir vilja Guðs, jafnvel þótt það krefjist mikils af honum og erfitt sé að skilja það. Á þennan hátt verður Jósef kennari okkar þegar reynir á trú okkar og hann kennir okkur að setja allt okkar í hendur Guðs, jafnvel við erfiðar aðstæður.

2. Jósef er *maður bænna og kyrrðar*. Ekki hefur varðveist eitt einasta orð úr munni Jósefs. Á hinn bóginn virðist hann hafa hlustað á leiðbeiningar Guðs (sbr. Mt 1,24). Í hlýðni gerði hann það sem Guð vildi að hann gerði. Við þörfnumst þagnar til að nota sem heilagt rými, þar sem við getum lært að þekkja blíða en þó skýra rödd Guðs. Jósef var trúfastur gyðingur og því verðum við að trúa því að hann hafi verið vel heima í Ritningunni og „jórtrað“ á orði Guðs í bæn sinni. Vissulega varð hann líka að kenna Jesú að biðja. Teresa frá Avila lítur á Jósef sem kennara okkar í bænalistinni. Ef við finnum ekki andlega leiðsögn getum við alltaf leitað til hans.

3. Jósef er *verndari fjölskyldunnar* (sbr. Mt 2,13-23). Á hættustund ber hann ábyrgð á litlu fjölskyldunni sinni og öryggi hennar í Egyptalandi og snýr síðan aftur til Nasaret. Við vitum ekki mikið um daglegt líf heima í Nasaret. Þetta var vissulega erfitt og krefjandi líf fyrir Jósef sem þurfti að framfleyta fjölskyldu sinni. Þegar við lítum á líf hinnar heilögu fjölskyldu veitir það okkur innblástur fyrir eigið fjölskyldulíf. Jesús er í miðjunni, þá kemur María mey eins og Jesús og móðir okkar, á meðan Jósef stendur nokkuð meira í bakgrunni. Með þessu kyrrláta, þjónandi og verndandi verkefni verður hann fyrirmynd allra feðra. Við vitum hversu mikilvægt hlutverk föðurins er í friðsömu uppeldi barnanna. Það er því ánægjulegt að sjá hvernig feður taka í auknum mæli hlutverk sitt alvarlega og hugsa vel um börnin sín og njóta þess að eyða tíma með þeim. Þetta er hvetjandi, ekki síst á sama tíma og margir feður hafa sagt sig frá skyldum sínum eða eru jafnvel fjarverandi.

4. Jósef er *fyrirmynd og málsvari verkamanna*. Eins og flestir þurfti Jósef að framfleyta sér og fjölskyldu sinni með störfum sínum. Í biblíulegum skilningi hefur vinnan alltaf sérstakt gildi. Hún er líka köllun um að taka þátt í sköpun Guðs. Með hversdagslegu, stundum erfiðu starfi,

getum við – eins og Jósef – unnið saman með Skaparanum og þar með tjáð fegurð sköpunarinnar. Því miður eru margir verkamenn sviptir virðingu sinni og verða fyrir misnotkun af ýmsu tagi. „Verður er verkamaðurinn launa sinna“ (1Tm 5,18). Þess vegna er þörf á Jósef sem sérstökum aðstoðarmanni. Hann getur hvatt okkur öll til að starfa í návist Jesú og vegna Jesú. Þannig getum við öll lagt okkar af mörkum til að gera samfélagið betra, sanngjarnara og friðsælla, allt til heiðurs Guði og almannaheill.

5. Jósef er hinn *hreinlífi brúðgumi Maríu meyjar*. Hann studdi hana dyggilega þegar eilífur Sonur Föðurins, „Guð af Guði, ljós af ljósi“ ólst upp í móðurkviði hennar. Í samfélagi sem leggur ofuráherslu á kynlíf gefur Jósef okkur öllum dýrmætan vitnisburð með skírlífi sínu. Hreinleiki vísar ekki aðeins til kynferðis- og ástálífs, heldur er hann „samantekt á viðhorfi sem er andstætt drottunargirni. Skírlífi er frelsi frá eignarhaldi á öllum sviðum lífsins. Aðeins þegar ástin er hrein, er hún sannarlega ást. Ást sem vill eigna sér hlutina verður að lokum hættuleg: hún fangar, þrengir að og veldur eynd. Guð sjálfur elskaði mannkynið með hreinum kærleika; hann veitti okkur frelsi, jafnvel til að villast og setja okkur upp á móti honum. Rökfræði ástarinnar er alltaf rökfræði frelsisins og Jósef vissi hvernig á að elska með einstöku frelsi. Hann gerði sig aldrei að miðpunkti“ (*Patris Corde*, 7). Hann er frábær fyrirmynd allra þeirra sem vilja segja: „sjálfur lifi ég ekki frammar, heldur lifir Kristur í mér“ (Gal 2:20). Jósef getur hjálpað okkur að lifa réttlátara fjölskyldulífi. Hann getur sérstaklega hjálpað körlum að tileinka sér ekki hugsjónir feðraveldis eða karlrembu, svo að þeir geti upplifað og miðlað gleði kærleikans í ríkum mæli.

6. Jósef er *verndardýrlingur kirkjunnar*. Rétt eins og Jósef þurfti að vernda Jesú í uppvexti hans, þannig verður hann að vernda allan dularfulla líkama Krists, kirkjuna, á jarðneskri pílgrímsferð hennar. Í daglegu lífi í Nasaret var Jósef dyggur og áreiðanlegur hjálpari Jesú og Maríu (sbr. Mt 2,14). Hann gegnir einnig sömu skyldu gagnvart kirkjunni, bæði á kyrrðarstundum og í ofsóknum og mótlæti. Við biðjum því sérstaklega um fyrirbæn Jósefs fyrir kirkjunni og kristnum mönnum í löndum þar sem þeir sæta ofsóknum.

7. Jósef er *fyrirmynd okkar um umhyggju*. Í friðarboðskap sínum þann 1. janúar á þessu ári lagði Frans páfi áherslu á að við verðum að búa til „menningu umönnunar“ – þegar hann talaði um „menningu samfunda“. Jósef sá dyggilega um fjölskyldu sína. Hann er tákn alls þess sem kallast umhyggja. Það er því engin tilviljun að margar trúarreglur og andleg samtök auk margra sókna og kirkna eru undir vernd hans. Við þurfum aðeins að hugsa um St. Jósefssystur sem hjálpuðu til við að skapa „menningu umhyggju“ í löndum okkar. Jósef getur haldið áfram að hvetja okkur til að gera slíkt hið sama.

8. Jósef er *verndari flóttamanna og farandfólks*. „Rís upp, tak barnið og móður þess og flý til Egyptalands“ (Mt 2,13b). Svo sagði engill Drottins við Jósef. Þessi atburður, flóttinn til Egyptalands, sýnir að Jósef deilir í mörgu því sem eru örlög óteljandi fólks allt til þessa dags. Þessi örlög, flótti og flutningar stórra hópa fólks, eru alþjóðleg áskorun sem enginn getur eða ætti að forðast. Á þessu eru engar auðveldar lausnir, en það er skylda og verkefni allra að hjálpa svo að fólk þurfi ekki að yfirgefa heimili sín og, ef þau þurfa þess samt, að draga úr eyndinni á flóttanum og veita þeim nýtt og virðulegt heimili þar sem þau geta búið í öðrum löndum, þó ekki væri nema tímabundið. Stjórnmalamenn bera aðallega ábyrgð, en hver einasti borgari verður að leggja sitt af mörkum til að skapa andrúmsloft velvilja.

9. Jósef er *von hinna deyjandi*. Í samfélagi okkar, þar sem einmanaleiki og einangrun ríkir oft, verða margir að deyja einir. Við felum þá sérstaklega fyrirbæn heilags Jósefs, sem í áranna rás hefur verið sífellt meir verið ákallaður, einkum til að hjálpa hinum deyjandi. Við vitum hve mikilvæg dauðastund okkar er, og við verðum að búa okkur undir lokafundinn með Drottni.

Þess vegna verðum við að leggja til hliðar allt það sem er rótgróin synd og eigingirni innra með okkur, og leggja okkur í hendur Drottins með von og trausti. Með Jósef við hlið okkar verður auðveldara að sjá dauðann sem „systur okkar, dauðann“ eins og heilagur Frans segir. Sorg eða ótti við dauðann fylgir okkur öllum, hvort sem það er vegna óvissu um hvað mun koma á eftir, eða vegna þess að dauðinn er bein ógn sem afleiðing ofbeldis og erfiðleika. Við erum sannfærð um upprisu Krists og þátt okkar í henni og við erum kölluð sem kristnir menn til að bera vitni um lífið og til að miðla huggun og von.

Jósef verndaði Drottin lífsins í upphafi jarðneskrar tilveru hans; hann setti með trausti sitt eigið líf í þjónustu Guðs. Megi hann hjálpa okkur að verða sjálf verndarar lífsins, við upphaf þess, við lok þess og svo lengi sem við erum á þessari jörðu, þar sem lífi svo margra er ógnað, eða er ótryggt og vanmetið. Megi heilagur Jósef hvetja okkur í lífi okkar með Guði með bæn sinni og fordæmi og vera hjálparhella allra sem eru í nauðum.

*Heill sé þér, verndari Endurlausnarans,
og brúðgumi sællar Maríu meyjar.
Þér treysti Guð fyrir Syni sínum;
á þig setti María traust sitt;
með þér varð Jesús að manni.*

*Ver þú einnig oss, sæli Jósef,
sem faðir
og leið oss á lífsins vegi.
Afla oss náðar, miskunnar og hugrekkis
og vernda oss frá öllu illu. Amen.*

Gjört á Stórhátíð boðunar Drottins, 25. mars 2021

Czeslaw Kozon biskup, Kaupmannahöfn, formaður
Anders Arborelius kardínáli, OCD, Stokkhólmi, varaformaður
Bernt Eidsvig biskup, Can.Reg., Osló
Biskup David Tencer, OFMCap., Reykjavík
Preláti og biskup Berislav Grgic, Tromsø
Preláti og biskup Erik Varden O.C.S.O., Þrándheimi
Peter Bürcher, biskup emeritus, Reykjavík
Sr. Marco Pasinato, stjórnandi biskupsdæmis, Helsinki